

# RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 21. nóvember 2018

Tilvísun ríkissaksóknara: 201811-0576

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (stafrænt kynferðisofbeldi), 15. mál. Við meðferð umsagnarbeiðninnar hjá ríkissaksóknara var haft samráð við héraðssaksóknara sem tekur í öllum atriðum undir það sem reifað er í umsögn þessari.

Ríkissaksóknari áréttar fyrri afstöðu um að efni séu til að bregðast við þeirri háttsemi sem í opinberri umræðu hefur verið nefnt stafrænt kynferðisofbeldi. Slík brot koma enda í vaxandi mæli til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum. Veruleiki slíkra brota er iðulega sá að myndum eða myndefni er dreift á netinu sem gerir það að verkum að afleiðingar brotsins eru í senn alvarlegar og langvarandi fyrir brotþola.

Frumvarp þetta var áður flutt á 148. löggjafarþingi (37. mál). Stafrænt kynferðisofbeldi var þá skilgreint með þrengri hætti, en eingöngu var kveðið á um að refsivert væri að dreifa mynd- eða hljóðefni sem sýni nekt eða kynferðislega hegðun einstaklings án samþykkis hans. Það er að mati ríkissaksóknara til bóta að ákvæðið taki nú einnig skýrlega til þeirrar háttsemi að birta og framleiða slíkt efni. Þá tekur frumvarpið nú einnig til þeirrar háttsemi að dreifa eða birta falsa mynd- eða hljóðefni af sama toga.

Með frumvarpinu er lagt til að í 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verði stafrænt kynferðisofbeldi skilgreint þannig að það sé sú háttsemi að **af ásetningi** dreifa, birta eða framleiða mynd- eða hljóðefni sem sýni nekt eða kynferðislega hegðun einstaklings **án samþykkis** hans. Sá sem gerist sekur um þá háttsemi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 6 árum.

Á það er bent að þegar um brot á almennum hegningarlögum er að ræða á ekki að tilgreina saknæmisskilyrði viðkomandi ákvæðis nema um gáleysisbrot sé að ræða, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga. Það er því rétt að taka út orðalagið „af ásetningi“ í 1. og 3. mgr.

Um skilgreiningu á samþykki skv. ákvæðinu segir í greinargerð: „*Samkvæmt framangreindu verður það skilyrði fyrir refsilausri birtingu, dreifingu eða framleiðslu slíks efnis að fyrir liggi samþykki. Þannig verður refsivert að dreifa slíku efni af ásetningi ef samþykki þeirra sem koma þar fyrir liggur ekki fyrir. Með orðinu samþykki í 1. gr. frumvarpsins er átt við samþykki sem er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung.*“ Ríkissaksóknari telur ljóst að ákvæðið nær ekki tilgangi sínum ef miða á við þessa skilgreiningu á samþykki. Í þessu sambandi er bent á að í fyrra frumvarpi var samþykki skilgreint svo: „*Með samþykki er átt við skýrt samþykki sem einstaklingur gefur til kynna með virkum hætti.*“ Ríkissaksóknari telur nauðsynlegt að huga nánar að þessari skilgreiningu samþykkis og þá m.a. hvort samþykkishugtakið eigi yfir höfuð heima í

Þessu ákvæði. Í þessu efni má t.a.m. líta til þess ákvæðis sænskra hegningarlaga sem haft var til hliðsjónar við samningu frumvarpsins.

Hvað varðar frekari athugasemdir við orðalag í 1. gr. frumvarpsins þá telur ríkissaksóknari rétt að þar sé talað um brotþola fremur en þolanda og jafnframt að betur fari á því að tala um kynferðislega háttsemi en kynferðislega hegðun. Um ákvæði 5. mgr. 1. gr. segir m.a. í greinargerð: „Í 5. mgr. 1. gr. er að finna breytingu frá fyrri frumvarpi og nú lagt til að refsing verði ekki dæmd ef framleiðsla eða birting er forsvaranleg og framkvæmd í málefnalegum tilgangi. Ákvæðið byggist á fyrirmynd úr 6. gr. a og 6. gr. c í 4. kafla sænskra hegningarlaga. Þannig má tryggja að ekki verði dæmd refsing fyrir myndbirtingar sem eru **forsvaranlegar** og fela ekki í sér stafrænt kynferðisofbeldi.“ Orðalag sjálfs ákvæðisins er hins vegar ekki það sama og í sænska ákvæðinu. Ríkissaksóknari telur að huga þurfi betur að orðalagi þessarar málsgreinar.

Refsiþyngingarástæða frumvarpsins kallar að mati ríkissaksóknara á frekari umfjöllun um tengsl ákvæðisins við 210. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í frumvarpinu er nú að finna ákvæði um að virða skuli það til þyngingar refsingu þegar brot eru framin gegn börnum yngri en 18 ára. Í greinargerð segir einnig að í framkvæmd hafi 210. gr. almennra hegningarlaga ekki verið beitt þegar ákært hefur verið fyrir dreifingu eða birtingu efnis sem varða myndi við 1. gr. þessa frumvarps. Í greinargerð er fjallað um að sú breyting að um stafrænt kynferðisofbeldi verði fjallað í 196. gr. í stað 210. gr. c. sé ætlað að koma til móts við þá athugasemd að stafrænt kynferðisofbeldi verði ekki sett í samhengi við birtingu og dreifingu kláms sem kveðið er á um í 210. gr. laganna. Ríkissaksóknari vekur athygli á því að þess eru dæmi að ákært hafi verið fyrir dreifingu á barnaníðsefni, sbr. 210. gr. a. almennra hegningarlaga í málum þar sem aldur brotþola og efni myndefnis hefur þótt gefa ástæðu til þess.

Ákvæði 210. gr. a. er svohljóðandi:

Hver sem framleiðir, flytur inn, aflar sér eða öðrum eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt. Sama gildir um ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna einstaklinga 18 ára og eldri á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, enda séu þeir í hlutverki barns, eða ef líkt er eftir harni í slíku efni þó að það sé ekki raunverulegt, svo sem í teiknimyndum eða öðrum sýndarmyndum.

Hver sem skoðar myndir, myndskaið eða aðra sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt á netinu eða með annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni skal sæta sömu refsingu og greinir í 1. mgr.]<sup>1)</sup>

Enga umfjöllun er að finna í greinargerð um tengsl þessa nýja ákvæðis við 210. gr. a. eða skilin þar á milli í tilvikum þar sem efni hefur verið dreift sem sýnir barn á kynferðislegan hátt. Greinargerðin fjallar ekkert um hver ætlun löggjafans er í þeim efnum. Ríkissaksóknari telur að í flestum slíkum tilvikum væri rétt að beita þessum ákvæðum samhliða og telur að þetta atriði þurfi að skýra af hálfu löggjafans.

Að mati ríkissaksóknara er einnig ástæða til að áréttta í greinargerð að enda þótt efni af þessum toga sé oftast nær dreift með rafrænum hætti þá er það ekki alltaf svo, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjaness frá 8. júní 2012 í máli S-199/2012. Í því máli var maður ákærður fyrir að hafa stungið umslagi inn um bréfalúgu á heimili fyrirverandi tengdforeldra sinna. Í umslaginu voru kynferðislegar ljósmyndir af fyrirverandi eiginkonu ákærða. Fyrir dómi gat ákærði ekki gefið skýringu á því hvers vegna hann hafði stílað bréfið á föður brotþola en ekki til hennar sjálfrar. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að tilgangur ákærða með háttseminni hefði ekki verið annar en sá að láta föður brotþola sjá myndirnar. Var ákærði með því talinn hafa móðgað og smánað brotþola og var því fallist á að verknaðurinn fæli í sér stórfelldar ærumeiðingar og ætti undir 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verði frumvarpið samþykkt má ætla að í tilviki sem þessu myndi vera ákært fyrir brot gegn 233. gr. a. auk 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.



Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari



*Nefndasvið Alþingis (nefnasvid@althingi.is)*